



## STOFNSAMNINGUR SLÖKKVILIÐS HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

### 1. gr. Heiti og varnarþing

Byggðasamlagið heitir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (skammstafað SHS). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Byggðasamlagið starfar í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur byggðasamlagsins er að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum sem því hafa verið falin eða leiðir af lögum að byggðasamlaginu beri að sinna. Stjórn byggðasamlagsins getur falið því önnur verkefni sem varða velferð íbúa aðildarsveitarfélaganna, enda falli þau að tilgangi samlagsins og séu ekki falin öðrum til úrlausnar með lögum. Samþykki ¾ hluta atkvæðavægis í stjórn þarf þó til að ákvarðanir um valkvæð verkefni öðlist gildi.

### 3. gr. Eigendur

Eftirtalin sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa verið aðila að byggðasamlaginu frá árinu 2000 á grundvelli eldri samnings milli sömu aðila sem tók gildi hinn 31. maí 2000. Upphafleg stofnfjárfraumlög og síðari viðbótarframlög hafa verið innt af hendi af hálfu aðildarsveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda. Við síðari viðbótarframlög (greidd árin 2012 og 2014) var miðað við íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags eins og hann var 1. desember næstliðinna ára á undan (þ.e. 2011 og 2013) og þá í hlutfalli við heildaríbúafjölda allra aðildarsveitarfélaga við sama tímamark.

Við gildistöku þessa samnings liggur fyrir að núverandi bókfært eignarhlutfall aðildarsveitarfélaganna er í samræmi við eftifarandi skiptingu:

Reykjavíkurborg	60,82%
Kópavogur	14,43%
Hafnarfjörður	12,24%
Garðabær	6,20%
Mosfellsbær	3,95%
Seltjarnarnes	2,37%

Verði viðbótarframlög ákveðin skulu þau greidd hlutfallslega miðað við íbúafjölda hvers og eins aðildarsveitarfélags af heildaríbúafjölda aðildarsveitarfélaga hinn 1. janúar líðandi árs, sem Hagstofa Íslands birtir, við samþykki tillögu stjórnar um viðbótarframlög. Í kjölfarið uppfærist bókfært eignarhlutfall aðildarsveitarfélaganna því til samræmis.

### 4. gr. Skipan og umboð stjórna

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna sex og jafnmögum til vara. Formenn byggðaráða, þ.e. borgar- og bæjarráða, aðildarsveitarfélaganna skipa stjórn til vara. Aðildarsveitarfélögum er heimilt að víkja frá framangreindri tilhögun með sérstakri tilnefningu sveitarstjórnar. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar. Fulltrúi fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins, miðað við íbúafjölda eins og hann var samkvæmt Hagstofu Íslands hinn 1. janúar

líðandi árs er nýtt kjörtímabil stjórnar hefst, skal vera formaður stjórnar og skal hann boða stjórnarfundi og stýra þeim.

Stjórn byggðasamlagsins starfar í umboði þeirra sveitarstjórnar sem eiga aðild að því. Lögmætar ákvarðanir stjórnar sem samræmast fyrirmælum laga og samnings þessa eru bindandi fyrir sveitarfélögin sem eiga aðild að byggðasamlaginu.

Stjórn skal setja sér sérstakar starfs- og siðareglur.

#### **5. gr. Fundir stjórnar og vægi atkvæða**

Stjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en á mánaðarfresti. Heimilt er þó að fella niður fundi á sumarleyfistíma. Aukafundi skal halda eftir þörfum og er skyldt að halda fund ef a.m.k. þrír stjórnarmenn óska þess.

Fundarboð og fundargögn skulu berast stjórnarmönnum með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundur telst ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað og hann sóttur af meirihluta stjórnarmanna.

Slökkviliðsstjóri, og varaslökkviliðsstjóri í forföllum hans, situr fundi stjórnar með málfreli og tillögurétt.

Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi til samræmis við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi hvers og eins stjórnarmanns breytist í upphafi hvers árs miðað við íbúafjölda hvers og eins aðildarsveitarfélags sem hlutfall af heildaríbúafjölda þeirra allra hinn 1. janúar næstliðins árs samkvæmt Hagstofu Íslands. Í atkvæðagreiðslu um einstök mál ræður afl atkvæða og nægir einfaldur meirihluti miðað við framangreint atkvæðavægi, nema öðruvísi sé mælt í landslögum eða samningi þessum. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu miðað við framangreint atkvæðavægi.

#### **6. gr. Hlutverk stjórnar**

Stjórn hefur eftirlit með því að framkvæmd samnings þessa og starfsemi byggðasamlagsins sé til samræmis við meginforsendur starfseminnar, þ.e. brunavarnaáætlun, lög, reglugerðir, samþykkir og stefnumótun stjórnar. Stjórn skal sérstaklega gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna.

Stjórn samþykkir samninga sem byggðasamlagið gerir og ekki teljast til daglegrar stjórnunar slökkviliðsstjóra. Veigamiklum og stefnumarkandi ákvörðunum skal vísað til samþykktar aðildarsveitarfélaganna áður en þær koma til framkvæmda.

Stjórn samþykkir fimm ára áætlun um rekstur, fjárfestingu og fjármál byggðasamlagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir byggðasamlagsins og skal hún lögð fyrir aðildarsveitarfélögin til staðfestingar.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun og brunavarnaáætlun. Fjárhagsáætlun hvers árs skal vera innan þess ramma sem aðildarsveitarfélögin hafa staðfest í fimm ára áætlun og er lögð fyrir eigendur til staðfestingar til samræmis við fjármálareglur sveitastjórnarlaga hverju sinni, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Brunavarnaáætlun er lögð fyrir sveitarstjórnir á starfssvæði byggðasamlagsins sem þurfa að samþykkja hana fyrir sitt leysi, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Stjórn samþykkir gjaldskrá og skal hún lögð fyrir aðildarsveitarfélögin til staðfestingar til samræmis við lög nr. 75/2000 um brunavarnir.

Stjórn ræður slökkviliðsstjóra og ákvarðar ráðningarkjör hans, starfslýsingu, og veitir prókúruumboð.

Stjórn byggðasamlagsins skal leita samninga við Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar um að annast innkaup á vörum og þjónustu og útboð á verklegum framkvæmdum, þ.m.t. samningsgerð við verktaka til þess að tryggja með sem bestum hætti jafnræði milli þeirra sem byggðasamlagið skiptir við.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög um að þau taki að sér afmarkaða þætti í starfsemi byggðasamlagsins. Stjórn er heimilt að leita samninga við einkaaðila í samræmi við 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykki ¾ hluta atkvæðavægis í stjórn, þó aldrei færri en þriggja eigenda, þarf til að þær ákvarðanir öðlist gildi, sem varða skiptingu rekstrarkostnaðar, meiriháttar fjárfestingar, stofnun og færslu á starfsemi byggðasamlagsins til dótturfélaga eða hvers kyns þáttöku í stofnun og færslu á starfsemi til annarra félaga, breytingar á gjaldskrá eða þjónustustigi frá því sem kemur fram í brunavarnaáætlun.

Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar aðildarsveitarfélögum, sem og fjárhagsáætlun, brunavarnaáætlun og árleg framvinda hennar, gjaldskrá, árshlutareikningar og ársreikningur.

Endurskoðun reikninga byggðasamlagsins er í höndum löggilts endurskoðanda samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

## 7. gr. Hlutverk slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur byggðasamlagsins á grundvelli meginforsendna starfseminnar, þ.e. brunavarnaáætlunar, laga, reglugerða, samþykktta og stefnumótunar stjórnar. Aðrar ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, getur slökkviliðsstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemina. Í sílikum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Til viðbótar við þær ákvarðanir sem greinir í 6. gr. þá teljast t.a.m ákvarðanir um fjölda og staðsetningu slökkvistöðva, stefna og framtíðarsýn og ákvarðanir um lántöku óvenjulegar og mikilsháttar ráðstafanir. Stangist heimildir og hlutverk slökkviliðsstjóra eins og þau eru skilgreind í lögum og reglugerðum á við stofnsamning þennan skulu lagaleg fyrirmæli ganga framar samningnum.

Slökkviliðsstjóri skal gefa stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um reksturinn, sem þau kunna að óska. Hann ber ábyrgð á undirbúningi fimm ára áætlunar og fjárhagsáætlunar innan þess ramma sem er markaður af fimm ára áætlun og brunavarnaáætlun og leggur tillögur um þær fyrir stjórn. Hann ber ábyrgð á því gagnvart stjórn að rekstur slökkviliðsins sé innan útgjaldheimilda fjárhagsáætlunar og í samræmi við almenn markmið starfseminnar og samþykktta brunavarnaáætlun.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á meðferð eigna félagsins og því að bókhald og fjárrleiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur.

Slökkviliðsstjóri ræður starfsfólk byggðasamlagsins í samræmi við lög nr. 75/2000 um brunavarnir, en ráðningar forstöðumanna skulu lagðar fyrir stjórn til staðfestingar áður en þær koma til framkvæmda. Slökkviliðsstjóra er heimilt að taka ákvarðanir í starfsmannamálum í samræmi við fyrirmæli laga og kjarasamninga s.s. hvað varðar áminningar, lausn frá störfum og umfjöllun um launamál. Starfsfólk byggðasamlagsins er opinberir starfsmenn og um kjarasamninga þess gilda lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Slökkviliðsstjóri skal vera aðildarsveitarfélögunum til ráðgjafar varðandi brunamál og almenn öryggismál. Hann skal gæta þess að ákvæðum laga og reglugerða um brunavarnir sé framfylgt innan staðarmarka aðildarsveitarfélaga, m.a. að byggingar séu staðsettar og gengið frá þeim þannig að slökkvistarf og björgun séu auðveld og að aðgangur sé að slökkvivatni. Slökkviliðsstjóri eða fulltrúi hans skulu, samkvæmt ákvörðun aðildarsveitarfélaga, hafa fasta setu á fundum byggingarnefnda aðildarsveitarfélaganna með málfrelsi og tillögurétt.

## **8. gr. Aðalfundur**

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn eigi síðar en 1. desember ár hvert. Stjórn boðar aðalfund með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara.

Stjórn ásamt slökkviliðsstjóra hefur seturétt og málfrelni og tillögurétt á aðalfundi. Auk þess skal bjóða kjörnum fulltrúum aðildarsveitarfélaganna, sem og framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, til aðalfundar en þeir hafa þar seturétt auk málfrelnis. Atkvæðarétt á aðalfundi hafa þeir fulltrúar sveitarfélaganna sem fara með eigendafyrirsvar og fer um atkvæðavægi samkvæmt 4. mgr. 5. gr. stofnsamnings þessa. Sé ekki tilkynnt um aðra tilhögun af hálfu aðildarsveitarfélags, skal miða við að framkvæmdastjóri þess fari með slíkt fyrirsvar.

Á aðalfundi skal flytja skýrslu stjórnar og taka til kynningar og/eða umræðu þau mál sem stjórn byggðasamlagsins eða einstök sveitarfélag óska eftir. Staðfestar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir og staðfestur ársreikningur síðasta árs skulu vera aðgengilegar fundarmönnum með rafrænum hætti.

## **9. gr. Fjárfestingarsjóður**

Byggðasamlagið starfrækir sérstakan fjárfestingarsjóð sem tryggja á eðlilega endurnýjun búnaðar, þ.e. slökkvibfreiða, tækja- og húsbúnaðar.

Aðildarsveitarfélögini greiða árlega framlag í fjárfestingarsjóð í samræmi við staðfesta fimm ára áætlun byggðasamlagsins. Verðgildi fjárfestingarstofnsins, sjá fylgiskjal 1, skal endurskoðað árlega.

## **10. gr. Framlög og ábyrgð aðildarsveitarfélaga**

Aðildarsveitarfélögini greiða framlög til rekstrar til samræmis við samþykkta fjárhagsáætlun en við gerð hennar skal miða við að framlag hvers og eins aðildarsveitarfélags sé til samræmis við hlutfall íbúafjölda þess af heildaríbúafjölda allra aðildarsveitarfélaga 1. janúar líðandi árs samkvæmt Hagstofu Íslands er viðkomandi fjárhagsáætlun er samþykkt.

Aðildarsveitarfélögini inna mánaðarlega af hendi greiðslur í samræmi við fjárhagsáætlun, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Hafi greiðsla ekki farið fram fyrir 10. dag mánaðar skal hún bera hæstu lögleyfða dráttarvexti.

Aðildarsveitarfélögini bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum byggðasamlagsins gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda hvers og eins aðildarsveitarfélags sem hlutfalls af heildaríbúafjölda allra aðildarsveitarfélaga miðað 1. janúar líðandi árs samkvæmt Hagstofu Íslands þegar uppgjör fer fram.

Stjórn byggðasamlagsins hefur ekki umboð til að binda sveitarsjóði aðildarsveitarfélaganna að öðru leyti en því sem kveðið er á um í samningi þessum.

Samþykki aðildarsveitarfélögini aðild nýs sveitarfélags að byggðasamlaginu skal það greiða stofnfé til jafns við aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins (þ.e. innborgað stofnfé pr. íbúa miðað við síðasta fyrirliggjandi ársuppgjör) og yfirtaka ábyrgðir til samræmis við 3. mgr. þessa ákvæðis.

## **11. gr. Endurskoðun samnings, úrsögn og slit**

Samning þennan skal endurskoða að lágmarki innan 15 ára frá gildistöku. Verði breyting á lagaumhverfi starfsemi byggðasamlagsins þannig að samningur sé við breytinguna ekki í samræmi við lög skulu aðildarsveitarfélögini endurskoða samninginn þannig að hann samræmist lögum í kjölfar endurskoðunar.

Til þess að breytingar á samningnum öðlist gildi þurfa 2/3 sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að samþykka þær.

Segi sveitarfélag upp aðild sinni að byggðasamlaginu eða verði samþykkt tillaga um að starfsemi þess skuli hætt skal fara um framkvæmd úrsagnar eða slita byggðasamlagsins samkvæmt 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda við slit byggðasamlagsins skal jafnað á sveitarfélög í hlutfalli við íbúafjölda hvers og eins aðildarsveitarfélags sem hlutfalls af heildaríbúafjölda allra aðildarsveitarfélaga hinn 1. desember næstliðins árs á undan samkvæmt Hagstofu Íslands þegar að greiðslur krafna á hendur byggðasamlaginu fara fram.

## 12. gr. Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi **XX.XXX.XXXX**. Samhliða fellur úr gildi eldri stofnsamningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 31. maí 2000.

Staður, dagsetning

Stjórn SHS

F.h. Reykjavíkurborgar  
skv. bókun borgarráðs dags. xx.xxx

Einar Þorsteinsson

F.h. Garðabæjar  
skv. bókun bæjarráðs dags. xx.xxx

Almar Guðmundsson

F.h. Mosfellsbæjar  
skv. bókun bæjarráðs dags. xx.xxx

Regína Ásvaldsdóttir

F.h. Hafnarfjarðarbæjar  
skv. bókun bæjarráðs dags. xx.xxx

Rósa Guðbjartsdóttir

F.h. Kópavogsbæjar  
skv. bókun bæjarráðs dags. xx.xxx

Ásdís Kristjánsdóttir

F.h. Seltjarnarnesbæjar  
skv. bókun bæjarráðs dags. xx.xxx

Þór Sigurgeirsson

Fylgiskjal 1: Fjárfestingarsjóður SHS; viðmið árlegs fjárfestingarframlags vegna tækja og lausabúnaðar fyrir hverja slökkvistöð.

## Fjárfestingarsjóður

Bifreiðar og lausabúnaður er fyrir fjórar stöðvar þ.e.a.s. Skógarhlíð, Tunguháls, Skúthraun og Skarhólabaðraut.

<i>Bifreiðar</i>	<i>Forustubifreið</i>	<i>Körfubifreið</i>	<i>Gámatubifreið</i>	<i>Gámatubifreið 6x6</i>	<i>Kjálarnes</i>	<i>Aðrar bifreiðir</i>	<i>Slökkvibíll</i>	<i>Ýmsir gámar</i>
Innkaupsverð	<b>106,0</b> m.kr	<b>130,0</b> m.kr	<b>29,5</b> m.kr	<b>33,5</b> m.kr.	<b>27,0</b> m.kr	<b>13,0</b> m.kr		<b>31,0</b> m.kr
Fjöldi í fyrstu línu	<b>4</b> stk.	<b>2</b> stk.	<b>2</b> stk.	<b>1</b> stk.	<b>1</b> stk.	<b>11</b> stk.		<b>6</b> stk.
Bifreiðir í fyrstu línu (varabifreiðir afskrifnaðar)	424,0 m.kr	260,0 m.kr	59,0 m.kr	33,5 m.kr.	27,0 m.kr	143,0 m.kr		186,0 m.kr
Heild bifreiðir í fyrstu línu (varabifreiðir afskrifnaðar):	<b>1.132,5</b> m.kr							
<i>Líftimi í fyrstu línu í árum</i>	<i>Forustubifreið</i>	<i>Körfubifreið</i>	<i>Gámatubifreið</i>	<i>Gámatubifreið</i>	<i>Kjálarnes</i>	<i>Aðrar bifreiðir</i>	<i>Slökkvibíll</i>	<i>Ýmsir gámar</i>
Afskriftir	<b>10,0</b> ára	<b>13,0</b> ára	<b>15,0</b> ára	<b>15,0</b> ára	<b>10,0</b> ára	<b>6,0</b> ára		<b>15,0</b> ára
	10,0 %	7,7 %	6,7 %	6,7 %	10,0 %	16,7 %		6,7 %
Afskriftir ári.	42,4 m.kr	20,0 m.kr	3,9 m.kr	2,2 m.kr	2,7 m.kr	23,8 m.kr		12,4 m.kr
Afskriftir ári v/bifreiða:	<b>107,5</b> m.kr							
<i>lausabúnaður</i>	<i>Eignatathing</i>	<i>Endurnýjunarhraði</i>	<i>Afskriftir á ári</i>	<i>Eignatathing</i>	<i>Endurnýjunarhraði</i>	<i>Afskriftir á ári</i>	<i>lausabúnaður</i>	<i>Ýmsir gámar</i>
Reykófunarbúnaður, prófunarbælkir, loftpressa	<b>240,0</b> m.kr	<b>12,0</b> ára fresti	<b>20,0</b> m.kr					
Bunaður fyrir slökkvistarf	<b>185,0</b> m.kr	<b>10,0</b> ára fresti	<b>18,5</b> m.kr					
Fjarskiptiæki	<b>70,0</b> m.kr	<b>8,0</b> ára fresti	<b>8,8</b> m.kr					
Æfingaættaða Hafnarfirði	<b>60,0</b> m.kr.	<b>20,0</b> ára fresti	<b>3,0</b> m.kr					
Klippur, býrgunarbúnaður og handverkfæri	<b>44,0</b> m.kr	<b>12,0</b> ára fresti	<b>3,7</b> m.kr					
Björgunarkófun	<b>45,0</b> m.kr	<b>12,0</b> ára fresti	<b>3,8</b> m.kr					
Tölvur og hægabúnaður	<b>45,0</b> m.kr	<b>4,0</b> ára fresti	<b>11,3</b> m.kr					
Husgögn	<b>40,0</b> m.kr	<b>12,0</b> ára fresti	<b>3,3</b> m.kr					
Heild lausabúnaður, fjórar stöðvar:	729,0 m.kr		72,3 m.kr					
Afskriftir ári v/lausabúnaðar:	<b>72,3</b> m.kr							
Fjárfesting alls á hverju ári (bifreiðir + lausabúnaður)	<b>179,8</b> m.kr							
Árlegt framlag í fjárfestingarsjóð á hverja stöð	<b>44,9</b> m.kr							
4 stöðvar								

Árlegt framlag í fjárfestingarsjóð á hverja stöð

44,9 m.kr

4 stöðvar